

D Ó M U R

Héraðsdóms Vesturlands 14. janúar 2013 í máli nr. S-17/2012:

Ákærvaldið

(Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Sigríður Rut Júlíusdóttir hrl.)

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæru 5. janúar 2012 á hendur ákærða, X, kt. ..., án ríkisfangs, Málið var dómtekið 27. febrúar 2012.

Í ákæru segir að málið sé höfðað gegn ákærða „fyrir kynferðisbrot framin gagnvart tveimur unglingsstúlkum á árinu 2011 á ..., sem ákærða var treyst fyrir til kennslu og uppeldis sem ... við grunnskólann ... á ... og sem leiðbeinandi í ungmennastarfi ... Rauða kross Íslands, er hér greinir:

I.

Gegn stúlkunni B..., fæddri ... , að ..., sem var 14 ára að aldri:

1. Með því að hafa að kvöldi laugardagsins 2. júlí áreitt stúlkuna kynferðislega með því að leita eftir kynferðislegu samneyti við hana og kyssa hana á munninn.

2. Með því að hafa að kvöldi sunnudagsins 3. júlí áreitt stúlkuna kynferðislega og haft við hana kynferðismök með því að klæða stúlkuna úr peysu og strjúka henni með hendi á brjóstum og kynfærum innan klæða og láta stúlkuna fróa sér uns hann hafði sáðlát og síðan með því að biðja stúlkuna um að hafa við sig samræði.

II.

Gegn stúlkunni A..., fæddri ..., sem var 13 ára að aldri, með því að hafa í allt að átta aðgreind skipti, á tímabili frá 17. júní til 16. ágúst, á ..., áreitt stúlkuna kynferðislega með því að kyssa hana tungukossa á munninn, strjúka henni með hendi á brjóstum innan og utan klæða, strjúka henni með hendi á kynfærum utan klæða og biðja hana um að hafa við sig samræði eða önnur kynferðismök.

Eru ákæruliðir I/1 og II taldir varða við 2. mgr. 201. gr. og 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 9. og 10. gr. laga nr. 40/1992, 4. gr. laga nr. 40/2003 og 10. og 11. gr. laga nr. 61/2007. Telst ákæruliður I/2 varða við 1. mgr. 201. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í þinghaldi 21. desember 2012 féll ákærvaldið frá heimfærslu til 2. mgr. 201. gr. varðandi ákærulið II.

Af hálfu D..., kt. ..., vegna ólögráða dóttur hennar, B..., kt. ..., er krafist miskabóta að fjárhæð 2.000.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 3. júlí 2011 til þess dags þegar mánuður var liðinn frá því bótakrafa var kynnt sakborningi, og dráttarvaxta eftir þann dag samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Af hálfu F..., kt. ..., og G... kt. ..., vegna ólögráða dóttur þeirra, A..., kt. ..., er krafist miskabóta að fjárhæð 2.000.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá 15. ágúst 2011 til þess dags þegar mánuður er liðinn frá því bótakrafa var kynnt sakborningi, og dráttarvaxta eftir þann dag samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.“

Ákærði neitar sök. Verjandi ákærða krefst þess að ákærði verði sýknaður af kröfum ákærvalds, að skaðabótakröfum verði vísað frá dómi og að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

Mál ákærvaldsins á hendur ákærða var þingfest 31. janúar sl., aðalmeðferð þess fór fram 27. janúar sl. og dómur var kveðinn upp 23. mars sl. Var ákærði sakfelldur og dæmdur til að sæta fangelsi í tvö ár.

Með dómi Hæstaréttar Íslands frá 8. nóvember sl. var héraðsdómur ómerktur og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til löglegrar meðferðar að nýju. Vísaði Hæstiréttur til þess að hvorki yrði séð að ákæra hefði verið þýdd úr íslensku yfir á arabísku né að túlkurinn hefði við meðferð málsins þýtt hana orðrétt fyrir ákærða. Þá hefðu skýrslur brotþola og annarra vitna fyrir dómi heldur ekki verið þýddar.

Dómsformaður beindi því til ákærvalds að umrædd gögn yrðu þýdd á arabísku af löggiltum skjalapýðandi og var þýðing ákæru og skýrslna 9 vitna lögð fram í þinghaldi 13. desember sl. og hinn 21. desember sl. fór fram aðalmeðferð málsins á nýjan leik og var málið dómtekið þann dag að svo búnu.

Eftir að ákærði hafði farið yfir þýðingu á ákæru og skýrslum vitnanna 9 ítrekaði hann þá afstöðu sína að hann neitaði sök og héldi upp vörnum. Krefst hann sýknu af kröfum ákæruvaldsins og kröfu um miskabætur en til vara að ákærða verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa og að hún verði skilorðsbundin. Þá er þess krafist að miskabótakrafa verði lækkuð.

I. kafli ákæru.

Með bréfi 15. september 2011 óskaði barnaverndarnefnd ... eftir því að fram færi lögreglurannsókn á hugsanlegum kynferðisbrotum ákærða gegn B..., brotþola í þessum kafla ákæru. Í bréfinu er rakið að nefndinni hafi 15. september 2011 borist tilkynning frá ... skóla um ætluð brot. Fram kemur að skólayfirvöld í ... skóla hafi 14. september 2011 fengið upplýsingar frá foreldri um að ákærði hafi hugsanlega átt í kynferðislegu sambandi við stúlku í skólanum. Skólahjúkrunarfræðingur og námsráðgjafi við skólann hafi rætt við stúlkur í skólanum um málið 15. september 2011. Í þeim samræðum hafi brotþoli viðurkennt að hún hafi átt í kynferðislegu sambandi við ákærða sumarið 2011. Í bréfinu er nánar greint frá því hvað brotþoli upplýsti í viðtölum sínum við skólahjúkrunarfræðinginn og námsráðgjafann.

Samkvæmt rannsóknargögnum málsins fór lögregla 16. september 2011 að heimili ákærða að ... á Fram kemur að ákærði hafi veitt samþykki sitt fyrir leit í húsnæðinu. Hafi lögregla lagt hald á tölvu ákærða, auk þess sem vettvangur hafi verið ljósmyndaður. Samkvæmt lögregluskýrslu um rannsókn á tölvu ákærða fundust engar upplýsingar í tölvunni um fésbókarsamskipti ákærða við brotþola.

Tekin var skýrsla af móður brotþola hjá lögreglu 16. september 2011. Gerði móðir brotþola þá grein fyrir upphafi málsins. Kom fram að hún hafi verið boðuð á fund félagsráðgjafa í skólanum, þar sem henni hafi verið tjáð að dóttir hennar hafi farið á heimili ákærða. Hafi það verið á svonefndum ... á Gerði hún nánari grein fyrir þeim upplýsingum er hún hefði yfir að ráða varðandi samskipti ákærða og dóttur hennar. Fram kom í skýrslunni að skólayfirvöld á ... hafi upplýst móður brotþola um að ákærða hafi verið vikið tímabundið úr skólanum á meðan málið væri í rannsókn. Hafi dóttir hennar gleymt dóti í skólanum eftir fundinn við félagsráðgjafann og farið þangað 15. september 2011 til að nálgast hlutina. Þar hafi henni verið tjáð að ákærði væri farinn úr skólanum. Dóttir hennar hafi hins vegar séð ákærða í skólanum þennan dag og brugðið mjög við það. Hafi dóttir hennar brotnað niður eftir að heim var komið.

Á meðal rannsóknargagna málsins er yfirlit lögreglu yfir fésbókarsamskipti á milli ákærða og brotþola. Fram kemur að við skoðun á samskiptahólfi síðu brotþola hafi komið í ljós töluverð samskipti í gegnum skilaboð og spjallborð fésbókarinnar á milli brotþolans og ákærða. Þegar samskiptin séu lesin í heild sé ljóst að ákærði sé að reyna að stofna til kynna við brotþolann og takist honum það. Þjóði hann henni ítrekað í heimsókn. Þá megi lesa út úr samskiptunum að þau hafi átt einhver samskipti í gegnum farsíma. Í yfirlitinu sé rakið úr samskiptum ákærða

og brotþola frá 17. júní 2011, er fyrstu samskipti eigi sér stað, til 12. júní 2011. Samkvæmt þessu yfirliti hefur ákærði ítrekað boðið brotþola að koma heim til sín 17. júní. Brotþoli svarar ákærða ekki er hann sendir henni skilaboð 18. júní. Ákærði býður brotþola aftur ítrekað að koma heim til sín 23. og 24. júní 2011. Næst eru samskipti á milli þeirra 25. júní. Þann 27. júní biður ákærði brotþola enn um að koma yfir til sín. Kveðst ákærði þurfa að fara til Reykjavíkur í nokkra daga þar sem hann þurfi að vinna þar. Samskipti eru næst 28. júní. Þann 30. júní eiga þau enn í samskiptum og kveðst ákærði þá tilbúinn að reykja með henni. Kveður hann hana með því að segja „koss fyrir þig“. Ákærði og brotþoli eiga næst samskipti 1. júlí 2011. Af samskiptum má ráða að brotþoli sé að gæta barna í íbúð, en þaðan megi sjá á svalir í íbúð ákærða. Ákærði kveðst munu kyssa brotþola þegar hann muni hitta hana. Ræða þau saman um kossa og fjölda þeirra í skilaboðunum. Ákærði kveðst munu hringja í brotþola verði hann einn komandi laugardag. Ákærði og brotþoli eiga næst í samskiptum 2. júlí 2011. Kveðst ákærði þá aftur vera kominn upp á Spyr ákærði brotþola hvar hún sé og svarar hún því til að hún sé hjá Júlíu. Sé áfengi þar. Ákærði sendir brotþola næst nokkur skilaboð 11. júlí án þess að fá svar. Sama gerist dagana 11., 13., 15., 20. og 25. júlí. Brotþoli svarar ákærða fyrst 12. ágúst 2011. Segist ákærði sakna brotþola og spyr af hverju brotþoli hafi ekki svarað honum þegar hann hafi verið á Íslandi.

Þá er á meðal rannsóknargagna málsins yfirlit lögreglu um símasamskipti á milli ákærða og brotþola. Fram kemur að á tímabilinu 1. apríl til 31. ágúst 2011 hafi komið í ljós töluverð samskipti á milli þeirra. Komi skilaboðin heim og saman við fésbókarsamskipti þeirra, þar sem allt bendi til að ákærði hafi verið að reyna að stofna til og viðhalda sambandi við brotþola.

Á meðal rannsóknargagna málsins er ráðningarsamningur ... sem vinnuveitanda og ákærða sem launþega. Samningurinn er dagsettur 30. mars 2011 og er ráðningartími ákærða til 31. nóvember 2011. Samkvæmt ráðningarsamningi er vinnustaður ... og starfsheiti ákærða

Tekin var skýrsla af brotþola í Barnahúsi 19. september 2011. Sama dag var tekin skýrsla þar í húsi af H... og I.... Viðtölin gáfu tilefni til þess að 23. september 2011 var einnig tekin skýrsla í Barnahúsi af I..., M..., K... og L....

Þorbjörg Sveinsdóttir, sálfræðingur í Barnahúsi, hefur 13. desember 2011 ritað bréf í framhaldi af stöðumati á brotþola. Fram kemur að brotþoli sé fremur stór og þroskuð stúlka eftir aldri. „Holning“ stúlkunnar gefi til kynna mikla vanlíðan. Sé stúlkun þungbúin að sjá. Á þeirri stundu er stöðumatið fari fram hafi stúlkun sótt þrjú viðtöl til Þorbjargar. Af viðtölum sé ljóst að vandi brotþola sé fjölpættur. Glími hún við fjölmörg einkenni sem þekkt séu meðal barna og unglinga sem sætt hafi kynferðislegu ofbeldi. Beri þar helst að nefna þunglyndi, sjálfsásökun, skömm og sektarkennd. Erfitt sé að leggja mat á líðan hennar og horfur til lengri tíma með tilliti til þess máls sem sé til rannsóknar. Um óákveðinn tíma muni hún þurfa mikla sálfræðilega aðstoð. Sýni stúlkun mikinn styrk og vilja til að bæta líðan sína, en greina megi hjá henni vonleysi og jafnvel sjálfsvígshugsanir. Sé vanlíðan stúlkunnar á alvarlegu stigi.

Ákærði lýsti atvikum svo að hann hafi starfað sem ... fyrir ... við ... á ... á árinu 2011. Við skólann hafi hann verið að vinna með nemendur sem komið hafi frá Írak. Með þessa krakka hafi ákærði unnið í skólanum sjálfum. Þó svo að starf hans

hafi beinst að þessum nemendum skólans sérstaklega hafi hann þó rætt við fleiri nemendur skólans en þessa einu. Hafi hann starfað fyrir Rauða krossinn í heimalandi sínu og á vegum samtakanna komið til Íslands og farið að starfa fyrir ... Rauða kross Íslands. Í tengslum við það hafi hann tekið að sér starf leiðbeinanda í unglिंगastarfi. Ákærði kvaðst hafa kynnst brotþola sumarið 2011. Það sumar hafi ákærði síðla dags verið að reykja vatnspípu úti á svölum heima hjá sér. Vinur ákærða, N..., hafi verið í heimsókn hjá ákærða. Nokkur ungmenni hafi verið á svölum beint á móti ákærða og verið að reykja sígarettur. Hafi þau kallað til ákærða og N.... Hafi ákærði sagt unga fólkinu að þau mættu koma yfir. Brotþoli hafi verið í þessum hópi, en um hafi verið að ræða þrjár ungar stúlkur. Vinur ákærða hafi farið er stúlkurnar hafi komið. Stúlkurnar hafi allar verið undir áhrifum áfengis og verið að reykja sígarettur. Hafi ákærði spurt þær af hverju þær væru að reykja svo ungar að árum. Hafi ákærði boðið stúlkunum kaffi að drekka. Einhver þeirra hafi kastað upp inni á klósetti í íbúð ákærða. Stúlkurnar hafi spurt ákærða hvort hann ætti kannabis fyrir þær til að reykja. Ákærði hafi sagt svo ekki vera. Þá hafi hann tjáð þeim að hann drykki ekki áfengi. Brotþoli og vinkonur hennar hafi prófað vatnspípu ákærða. Stúlkurnar hafi verið í íbúðinni í um 20 mínútur. Hafi hann ekki kysst brotþola í íbúðinni. Ákærði kvaðst hafa verið í sambandi við brotþola á fésbókinni eftir þessa heimsókn. Hafi hún spurt ákærða hvort hún mætti koma aftur heim til hans. Hafi ákærði svarað því játandi og hann spurt hana hvort hún vildi borða. Það hafi meira í gríni verið gert. Hafi hún komið og verið ein á ferð. Hafi hún stoppað í um 8 mínútur. Síðari heimsóknin hafi verið í ágúst 2011. Ákærði kvaðst hafa farið til ... 5. ágúst 2011 og komið til baka 10. september sama ár. Ákærði kvaðst aldrei hafa rætt við brotþola í Hafi þau fyrst hist er þau hafi kallast á á svölum fjöleignarhússins sumarið 2011. Ákærði kvaðst hafa verið við vinnu á bifreiðaverkstæði í Reykjavík í um tvær vikur sumarið 2011. Hafi hann þá átt í talsverðum samskiptum við brotþola á fésbókinni. Öll ummælin þar í samskiptum við stúlkuna hafi meira í gríni verið sögð. Ákærði kvaðst ekki vita ástæðu þess að brotþoli hafi ekki svarað skilaboðum ákærða á tímabilinu 11. til 25. júlí 2011. Aðspurður kvaðst ákærði hafa spurt brotþola á fésbókinni 12. ágúst 2011 af hverju hún væri reið. Hafi hann spurt hana þar sem hann hafi ekki viljað nein vandamál í samskiptum þeirra. Ákærði staðfesti að 18 sms-símaskilaboð hafi farið á milli hans og brotþola 2. og 3. júlí 2011. Hafi verið um almennt spjall að ræða á milli þeirra. Ákærði kvaðst ekki hafa brotið kynferðislega gegn brotþola með þeim hætti er í 1. og 2. tl. I. kafla ákæru væri lýst. Ákærði kvað vanta færslur úr fésbók brotþola sem honum hefðu borist frá henni þar sem hún hefði verið að fara fram á að

Brotþoli kvaðst, ásamt tveim vinkonum sínum þeim M... og J..., hafa verið að gæta barna hjá frænku sinni að ... á Frænkan hafi átt heima á þriðju hæð í fjöleignarhúsi. Ákærði hafi átt heima á neðstu hæð í húsinu að Ákærði hafi verið ... fyrir börn í ... af arabískum uppruna. Hafi vinkonurnar verið úti á svölum er ákærði hafi vinkað þeim. Vinur ákærða hafi verið hjá honum. Stúlkurnar hafi vinkað á móti. Hafi ákærði sagt þeim að fara inn á fésbókina. Inni á síðunni hafi stúlkurnar átt samskipti við ákærða. Hafi hann spurt þær hvort þær vildu koma til að reykja með honum. Hafi þær ekki þorað að fara yfir. Ákærði hafi haldið áfram að spyrja hvort þær vildu ekki koma yfir og þær ávallt svarað því neitandi. Einu sinni er ákærði hafi beðið þær um að koma yfir hafi stúlkurnar látið frænda brotþola koma til að gæta barnsins á meðan stúlkurnar hafi farið yfir til ákærða.

Með brotáþola í för hafi verið J... og M.... Hafi þær farið inn til ákærða og reykt þar vatnspípu. Hafi þau rætt saman. Í það skipti hafi ákærði fengið símanúmer brotáþola. Síðar hafi ákærði rætt meira við brotáþola á fésbókinni og hafi hann alltaf verið að biðja hana um að koma yfir til sín. Hafi brotáþoli farið einu sinni aftur yfir til ákærða. Ákærði hafi í framhaldi af því beðið brotáþola um að koma eina til sín. Á laugardegi á svonefndum ..., eða 2. júlí, hafi vinkonurnar verið að drekka áfengi. Hafi ákærði þá spurt brotáþola hvort hún vildi koma til hans ein. Hafi ákærði vitað að brotáþoli væri að drekka áfengi það sinnið. Hafi vinkonur brotáþola, J... og M..., farið með henni heim til ákærða. Heima hjá ákærða hafi þær reykt. Kvaðst brotáþoli hafa verið undir áhrifum áfengis þetta sinn. Á meðan vinkonur hennar hafi farið á salernið hafi ákærði og brotáþoli kysst talsvert mikið á munninn. Er stúlkurnar hafi komið út af salerninu hafi þau enn verið að kyssast og þær séð það. Hafi ákærði spurt hvort brotáþoli vildi gista. Hafi brotáþoli ekki viljað það. Hafi þær yfirgefið staðinn. Næsta dag, eða 3. júlí, hafi ákærði á ný spurt brotáþola hvort hún vildi koma yfir. Hafi brotáþoli vart þorað ein yfir til ákærða og sagt við vinkonur sínar að hún myndi senda þeim sms-símaskilaboð ef eitthvað kæmi fyrir. Hafi brotáþoli farið heim til ákærða og þau reykt. Í sófa í stofu hafi þau kysst og ákærði látið brotáþola sitja ofan á sér. Ákærði hafi spurt hana hvort hún vildi koma með honum inn í herbergi. Á þeirri stundu hafi þau verið búin að drekka eitthvað af áfengi. Hafi þau farið inn í herbergið og ákærði klætt hana úr peysunni. Í framhaldi hafi ákærði „farið inn á buxurnar hjá mér“. Hafi hann farið „inn á buxurnar, klofið á mér og brjóstin á mér“. Hafi ákærði farið undir nærbuxur hennar, en hún hafi verið í g-streng. Þá hafi hún fróað honum. Hafi ákærði spurt brotáþola hvort hún væri „hrein“. Hafi ákærði síðan spurt hvort brotáþoli vildi „gera það“. Hafi brotáþoli ekki viljað það. Ákærði hafi fengið fullnægingu. Hafi þau verið í rúminu í svefnherberginu í um hálfu klukkustund. Eftir að brotáþoli hafi yfirgefið íbúðina hafi hún tjáð vinkonum sínum hvað hafi átt sér stað. Hafi þeim verið mjög brugðið. Brotáþoli kvaðst hafa rætt við móðurbróður sinn, O..., um málið einhverju sinni og spurt hann hvort hún ætti að fara heim til ákærða. Hafi O... sagt að það skyldi hún ekki gera. Brotáþoli kvað ákærða hafa vitað um aldur hennar er þetta hafi gerst. Þá hafi hún verið 14 ára. Ákærði hafi sagst vita aldur hennar.

J... kvað ákærða búa í nágrenni við sig á Hafi hún, ásamt vinkonum sínum brotáþola og M..., farið heim til ákærða á Írskum dögum, en þann dag hafi vinkonurnar verið búnar að drekka eitthvað af áfengi. J... kvaðst hafa séð er ákærði hafi kysst brotáþola heima hjá ákærða en það hafi verið er þær vinkonurnar hafi verið að yfirgefa íbúð ákærða. Um hafi verið að ræða „mömmukoss“. Á meðan á dvölinni stóð hafi J... og M... farið á salernið. Ákærði og brotáþoli hafi á meðan setið í sófa í stofu og verið að tala saman. Brotáþoli hafi síðar sagt henni að hún hafi næsta dag farið heim til ákærða þar sem ákærði hafi farið inn á hana og hún meðal annars fróað honum.

M... kvaðst, ásamt brotáþola og J..., hafa verið úti á svölum hjá frænku brotáþola, sem búi á ská út frá ákærða, er þær hafi veitt ákærða athygli úti á svölum hjá sér. Hafi stúlkurnar verið úti á svölum að reykja. Hafi þau kastað kveðju hvort á annað. Ákærði hafi síðan sagt stúlkunum að fara inn á fésbókina og hafi brotáþoli farið inn á síðuna sína. Hafi þær rætt við ákærða og hann spurt þær hvort þær vildu koma yfir til sín. Það hafi þær ekki þorað. Næst er þær vinkonurnar hafi verið að gæta barna í sama húsi hafi bróðir J... verið með þeim. Hafi þær sagt bróðurnum að þær vinkonurnar ætluðu út að hitta vinkonu sína, en það hafi þær ekki gert heldur farið niður í íbúð til ákærða. Þar hafi þær reykt úr vatnspípu. Þetta hafi verið á

laugardeginum á Írskum dögum á M... og J... hafi farið á snyrtinguna og ákærði og brotþoli setið í sófa í stofu á meðan. Hafi brotþoli síðar sagt M... að þau hafi verið að kyssast á meðan. Ekki hafi M... séð það sjálf. Brotþoli hafi einnig sagt henni síðar að hún hafi fróað ákærða heima hjá honum. Ekki væri M... viss um hvort það hafi verið í þetta skipti eða síðar. Vinkonurnar þrjár hafi í allt farið tvisvar á heimili ákærða saman og síðan hafi brotþoli farið einu sinni til viðbótar og þá verið ein.

D..., móðir brotþola, kvaðst fyrst hafa frétt af samskiptum dóttur hennar og ákærða 11. september 2011. ... hafi hringt í hana og sagt henni að tiltekið mál væri komið upp. Hafi D... farið í ... og hitt félagsráðgjafa. Félagsráðgjafinn hafi upplýst að móðir stúlku í skólanum hafi hringt í ... og greint frá því að eitthvað kynferðislegt hafi hugsanlega gerst gagnvart dóttur hennar. D... kvaðst hafa hitt dóttur sína í ... þennan dag og dóttirin verið grátandi. Í framhaldi þessa hafi dóttir hennar farið í Barnahús þar sem hún hafi gefið skýrslu vegna málsins. Dóttir hennar hafi aldrei greint henni frá því sem gerst hafi. Sú vitneskja er D... hefði yfir að ráða um málið væri komin frá félagsráðgjafanum. D... kvaðst hafa veitt því athygli að í ágúst 2011 hafi dóttir hennar verið í óvenjulega mikilli uppreisn. Hafi hún t. a. m. alltaf verið reið. Er mál þetta kom upp hafi D... í raun ekki verið hissa þar sem henni hafi þá fundist hún finna skýringu á breyttu hátterni dóttur sinnar. Haustið 2011 hafi D... fundist dóttir hennar verða þunglynd og byrja að glíma við átröskun. Ástand hennar hafi í raun verið slæmt og hafi dóttirin þurft að leita til BUGL. Væri hún hjá námsráðgjafa alla daga og forðaðist að fara í sinn skólabekk þar sem hún vildi ekki hitta aðra krakka. Eftir að málið kom upp hafi D... frétt að dóttir hennar væri ekki sú eina sem lent hafi í viðkomandi einstaklingi. Hafi önnur stúlka, í öðrum skóla á ..., einnig lent í ákærða. Hafi D... ýtt á eftir þeirri stúlku að koma fram og greina frá því sem fyrir hana hafi komið. Hafi hún hringt í lögreglu og látið vita af grunsemdum sínum. D... kvað dóttur sína hafa lent í kynferðislegri áreitni fyrir mörgum árum. Ekki væri vitað hvaða áhrif það tilvik hefði haft á stúlkuna.

O..., móðurbróðir brotþola, kvað brotþola hafa hringt í sig sumarið 2011 og viljað fá að hitta hann. Hafi þetta verið skömmu fyrir svonefnda ... á Hafi hún greint honum frá því að ákærði væri að senda henni skilaboð á fésbókinni og með sms-símaskilaboðum og væri hann að biðja hana um að koma heim til sín. Kvaðst hún ekki vita hvað hún ætti að gera. Kvaðst O... hafa ráðlagt stúlkunni að hitta ekki ákærða. Stúlkan hafi verið í talsverðu uppnámi vegna málsins, verið grátandi og ekki liðið vel.

N... kvaðst þekkja ákærða frá fornu fari. Hafi þeir báðir starfað sem sjálfboðaliðar fyrir Rauða krossinn og komið saman til landsins. N... kvaðst hafa starfað sem ... við ... á ... og um tíma búið heima hjá ákærða að ... á N... kvaðst hafa séð samskipti er átt hafi sér stað á milli ákærða og beggja brotþolanna í málinu. Að öðru leyti hefði hann enga vitneskju um samband þeirra. Á svonefndum ... á ... sumarið 2011 hafi N... og ákærði verið að reykja vatnspípu. Hafi stúlkur farið að hrópa á þá og þau kallast á. Þetta kvöld hafi N... verið boðið í kvöldmat á öðrum stað. Engin stúlka hafi komið inn á heimilið á meðan N... hafi búið hjá ákærða, sem hafi verið tímabilið 15. júní til 6. júlí 2011.

Ingibjörg Gunnarsdóttir, yfirfélagsráðgjafi hjá barnaverndarnefnd ..., kvað mál brotþola hafa komið upp í kjölfar tilkynningar frá Hafi móðir stúlku fengið

upplýsingar frá dóttur sinni um að eitthvað hafi gerst á milli brotaþola og ákærða sem aftur hafi fengið upplýsingar um það frá vinkonu sinni. Í bréfi, er sent hafi verið lögreglu í kjölfarið, hafi, að því er lýsingu atvika varði, verið vitnað til þess er fram hafi komið í máli stúlkanna í viðtölum við námsráðgjafa í skólanum. Málið hafi síðan farið sína venjulegu leið.

Þorbjörg Sveinsdóttir, sálfræðingur í Barnahúsi, staðfesti vottorð sín í málinu og gerði nánari grein fyrir þeim. Kvaðst Þorbjörg hafa tekið alls 12 viðtöl við brotaþola. Vandi stúlkunnar væri mikill og fjölþættur, en undirliggjandi væri meðal annars eldra brot. Það mál sem hér væri til meðferðar hafi orðið til þess að stúlkann hafi sokkið dýpra en nokkru sinni fyrr. Væri líðan hennar mjög alvarleg. Hafi hún þurft að taka lyf vegna þunglyndis. Vegna þunglyndisins hafi hún þurft að leita til sálfræðinga hjá heilsugæslunni á Væri hlé á viðtölum Þorbjargar við hana á meðan verið væri að vinna með þunglyndið en í nóvember mánuði hafi meðferð hafist að nýju og sé brotaþoli í svokallaðri áfallamiðaðri hugrænni atferlismeðferð vegna kynferðisofbeldis sem hún hafi orðið fyrir. Bæði sem barn og svo endurtekið og svo aftur því sem hér er fjallað um. Hún hafi verið mjög mikið andlega veik, átt í miklum erfiðleikum og hafi þurft mikil inngrip. Hún hafi verið inn á Bugl og verið hjá sálfræðingi á Heilsugæslunni líka út af þunglyndi.

Viðtöl Þorbjargar við stúlkuna hafi gengið vel. Hún hafi náð að vinna sig nokkuð vel út úr þessum tilteknu atburðum. Hún lendi ekki oft í því að hugsanir sæki á hana um akkúrat þetta. Það hafi gengið ágætlega varðandi þennan hlut. Hins vegar hafi þetta truflað hana mikið og væri líðan stúlkunnar einkum tengd við skömm og sektarkennd gagnvart brotunum.

Jónas Hallgrímur Ottósson lögregluvarðstjóri og Steinarr Kr. Ómarsson lögreglufulltrúi staðfestu þátt sinn í rannsókn málsins. Kvaðst Jónas hafa útbúið yfirlit yfir samskipti ákærða og brotaþola á fésbókinni. Væru þau á meðal rannsóknargagna málsins. Gögn þessi hafi Jónas fengið í gegnum samskiptasíðu brotaþola. Steinarr Kr. Ómarsson kvaðst hafa rannsakað tölvu ákærða. Þar hafi ekki verið að finna nein gögn er vörðuðu samskipti hans við brotaþola.

Niðurstaða:

Ákærða er í I. kafla ákæru gefið að sök kynferðisbrot gegn brotaþola í tvö aðgreind skipti. Er annars vegar um að ræða brot að kvöldi laugardagsins 2. júlí 2011 er ákærða er gefið að sök að hafa áreitt stúlkuna kynferðislega með því að leita eftir kynferðislegu samneyti við hana og kyssa hana á munninn. Hins vegar með því að hafa að kvöldi sunnudagsins 3. júlí áreitt stúlkuna kynferðislega og haft við hana kynferðismök með því að klæða stúlkuna úr peysu og strjúka henni með hendi á brjóstum og kynfærum innan klæða og láta stúlkuna fróa sér uns hann hafði sáðlát og síðan með því að biðja stúlkuna um að hafa við sig samræði. Ákærði neitar sök. Hefur hann viðurkennt að brotaþoli, ásamt tveim öðrum stúlkum, hafi komið á heimili sitt þar sem hann hafi boðið þeim að reykja vatnspípu. Brotaþoli hafi síðar komið ein og þá staldrað stutt við. Ákærði kvaðst ekki hafa kysst brotaþola eða áreitt hana kynferðislega með neinu móti.

Yfirlit lögreglu um samskipti ákærða og brotþola á fésbókinni leiðir í ljós ákafar tilraunir ákærða til að fá brotþola til að koma á heimili sitt. Eru beiðnir þessar ítrekað settar fram, auk þess sem ákærði lýsir yfir tilteknum tilburðum varðandi kossa gagnvart henni. Þá vísar ákærði ítrekað til þess að hann vilji fá að hitta hana þegar hann sé einn og hún sömuleiðis ein á ferð. Í ljósi starfa ákærða og upplýsinga af fésbók brotþola liggur að mati dómsins fyrir að ákærða var aldur brotþola ljós. Bera öll samskipti ákærða og brotþola þess merki að fyrir ákærða hafi vakað annað og meira en að vera vinur brotþola, svo sem hann hefur haldið fram. Eru samskiptin einkar óeðlileg í ljósi aldursmunar og stöðu ákærða og brotþola. Í þessu ljósi er allur framburður ákærða ótrúverðugur um samskiptin við brotþola.

Brotþoli er á hinn bóginn trúverðug að mati dómsins. Fær framburður hennar stoð í framburði J... og M..., sem samferða voru brotþola á heimili ákærða að kvöldi laugardagsins 2. júlí. Brotþoli hefur staðhæft að ákærði hafi kysst hana í það sinnið. Það hefur J... staðfest, þó að hún hafi metið það svo að um hafi verið að ræða eins konar „mömmukoss“. Fyrir þennan koss hefur ákærði synjað. Þá er fram komið að J... og M... voru um hríð inni á salerni íbúðarinnar á meðan ákærði og brotþoli voru saman tvö ein. Það hafa bæði J... og M... staðfest. Fellur framburður þeirra að framburði brotþola um þetta atriði. Loks liggur fyrir vætti móður brotþola sem lýsti því að dóttir hennar hefði brotnað saman eftir að hún kom heim 15. september 2011 eftir að hafa rekist óvænt á ákærða í skólanum. Þykir það eindregin vísbending um að eitthvað hafi gerst á milli ákærða og brotþola sem brotþoli hafi tekið nærri sér. Þegar öll framangreind atriði eru virt í heild sinni er það niðurstaða dómsins að leggja framburð brotþola til grundvallar niðurstöðu. Er að mati dómsins hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi brotið gegn brotþola með þeim hætti er í 1. og 2. tl. I. kafla ákæru er lýst.

Samkvæmt ráðningarsamningi starfaði ákærði sem ... við ... þar sem brotþoli var nemandi. Með því var honum trúað fyrir nemendum við skólann til kennslu og uppeldis er brotin áttu sér stað. Verður ákærði því sakfelldur samkvæmt þessum kafla ákæru og er háttsemin rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru að því er I. kafla ákæru varðar.

II. kafli ákæru.

Með bréfi 24. október 2011 óskaði barnaverndarnefnd ... eftir því að fram færi lögreglurannsókn á hugsanlegum kynferðisbrotum ákærða gegn A... brotþola í þessum kafla ákæru. Í bréfinu er rakið að upplýsingar um hugsanleg brot ákærða gagnvart brotþola hafi borist frá D..., móður brotþolans B..., samkvæmt I. kafla ákæru. Starfsmaður barnaverndarnefndar ... hafi fengið þær upplýsingar frá D... að drengur við ... hafi nýverið sagt við dóttur D... að önnur stúlka hafi einnig „verið með“ ákærða. Hafi drengurinn gefið brotþolanum B... upp nafn brotþola. B... hafi því næst sett sig í samband við brotþola í gegnum fésbókina. B... hafi greint móður sinni frá því að brotþoli hafi einnig „verið með“ ákærða. Hafi B... hvatt brotþola til að greina móður brotþola frá atvikinu. Starfsmaður barnaverndarnefndar ... hafi í framhaldi átt viðtal við móður brotþola 24. október 2011. Í því viðtali hafi móðir brotþola greint frá því að brotþoli hafi hitt ákærða í

nokkur skipti. Hafi móðirin ekki haft vitneskju um hvort eitthvað hafi komið fyrir þeirra á milli. Þá kom fram í viðtalinu að brotþoli hafi skráð sig sem sjálfbodaliði hjá Rauða krossinum á Hafi hún ekki treyst sér til að mæta á fundi hjá samtökunum af ótta við að hitta ákærða þar.

Með bréfi 7. nóvember 2011 til lögreglu gerði barnaverndarnefnd ... grein fyrir því að brotþoli hafi farið í könnunarviðtal í Barnahúsi 3. nóvember 2011. Í því viðtali hafi komið fram að brotþoli og ákærði hafi hist í nokkur skipti sumarið 2011 á ... á Þar hafi þau kysst og ákærði káfað á kynfærum brotþola utanklæða, auk þess að hafa ítrekað reynt að fá stúlkuna til að hafa við sig samræði.

Margrét Magnúsdóttir, sálfræðingur í Barnahúsi, hefur ritað minnispunkta vegna rannsóknarviðtals við brotþola 3. nóvember 2011. Fram kemur að í viðtalinu hafi komið fram að brotþoli hafi fyrst hitt ákærða 17. júní 2011 þar sem ákærði hafi leikið trúð á skemmtun. Hafi hún í framhaldi sett ákærða inn á fésbókina hjá sér þar sem þau hafi rætt um ýmislegt. Hafi ákærði viljað að brotþoli kæmi heim til ákærða en það hafi hún ekki viljað. Hafi þau þá ákveðið að hittast á Í fyrsta skipti er þau hafi hist hafi ákærði einungis kysst brotþola. Þau hafi haldið áfram að hittast og í þeim tilvikum verið á stað þar sem þau hafi getað legið í grasinu ofan við sandinn. Hafi ákærði í nokkur skipti káfað á kynfærum brotþola utanklæða. Hafi ákærði ítrekað spurt brotþola hvort hún vildi koma með honum heim til ákærða. Hafi hún ávallt synjað fyrir það. Þá hafi ákærði spurt hana hvort hún vildi hafa við hann samfarir og hún einnig synjað fyrir það. Ákærði hafi farið í sumarfrí til Er hann hafi komið til baka hafi hann séð brotþola með dreng og ekki viljað tala við hana eftir það.

Á meðal rannsóknargagna málsins er yfirlit lögreglu um símasamskipti ákærða og brotþola á tímabilinu 15. júlí 2011 til 4. ágúst 2011. Í yfirlitinu kemur fram að upphaf samskiptanna hafi verið að kvöldi 15. júlí er ákærði hafi í tvígang hringt í tiltekinn síma. Strax að loknu síðara símtalinu hafi ákærði hringt í síma brotþola. Á tímabilinu 15. júlí til 4. ágúst 2011 hafi ákærði sent brotþola 286 sms-símaskilaboð. Brotþoli hafi sent ákærða 380 skilaboð.

Á meðal rannsóknargagna málsins er ráðningarsamningur ... sem vinnuveitanda og ákærða sem launþega. Samningurinn er dagsettur 30. mars 2011 og er ráðningartími ákærða til 31. nóvember 2011. Samkvæmt ráðningarsamningi er vinnustaður ... og starfsheiti ákærða

Þorbjörg Sveinsdóttir, sálfræðingur í Barnahúsi, hefur 19. janúar 2012 ritað stöðumat vegna brotþola. Í skýrslu hennar kemur fram að brotþoli hafi sótt þrjú viðtöl er matið hafi farið fram. Í ljósi fjölda viðtala sé erfitt að leggja mat á afleiðingar hins ætlaða brots fyrir brotþola til lengri tíma litið. Fram hafi komið ýmis einkenni sem þekkt séu meðal barna sem sætt hafi kynferðislegri áreitni eða ofbeldi, eins og skömm, sektarkennd og sjálfsásakanir. Þá forðist stúlkan að vera ein og þurfi ávallt að hafa eitthvað fyrir stafni. Finni hún fyrir talsverðri streitu vegna þessa og sé oft þreytt og orkulítill, jafnvel þó að hún fái nægan svefn. Áhyggjur séu af félagslegri stöðu hennar innan skólans og því hvort hún sé að sækja í óæskilegan félagsskap, auk þess sem námsárangur hennar virðist á niðurléið.

Að beiðni lögreglu var tekin skýrsla af brotþola í Barnahúsi 8. nóvember 2011. Sama dag var tekin þar skýrsla af vinkonu hennar, P....

Ákærði kvaðst á árinu 2011 um tíma hafa unnið fyrir sér sem trúður á Í því starfi hafi hann hitt margt fólk. Þeir sem hann hafi rætt við hafi verið áhugasamir um ákærða og uppruna hans. Í þessu hlutverki sínu hafi hann málað í andlit á krökkum. Við eitt slíkt tækifæri hafi ákærði fyrst hitt brotþola. Nokkrum dögum síðar hafi ákærði verið á ... á ... er brotþoli hafi komið til hans. Hafi þau kastað kveðju hvort á annað. Hafi ákærði boðið brotþola að setjast hjá sér. Hafi hann spurt hana hvort henni væri kalt og hún sagt svo vera. Hafi ákærði lánað henni jakka sem hún hafi farið í heim til sín. Hafi hann sagt henni að hún gæti skilið jakkann eftir í húsnæði Rauða krossins á ... þar sem ákærði væri að vinna. Síðar hafi brotþoli sent ákærða sms-skilaboð og beðið ákærða um að hitta sig. Hafi hún sagt að hún vildi skila jakkanum. Þetta hafi hún ítrekað í mörgum sms-skilaboðum síðar. Í fyrstu hafi ákærði neitað því að hitta hana vegna jakkans, en um síðir ákveðið að hitta hana. Hafi ákærði vegna þessa aftur hitt brotþola á ströndinni við Ákærði hafi einungis hitt stúlkuna í þessi tvö skipti á Ákærði kvaðst hvorki hafa kysst stúlkuna né snert hana í þessi skipti. Stúlkan hafi margsinnis sent ákærða sms-símaskilaboð eftir þetta og beðið hann um að hitta sig. Ákærði hafi loks sagt að það yrði „vesen“ í skólanum ef hann fengi ekki jakkann. Hún hafi hins vegar gert mikið úr því þegar hún hafi skilað jakkanum. Hafi hún látið vin ákærða fá jakkann í skólanum. Í framhaldi hafi mál þetta farið af stað. Ákærði kvaðst staðfesta að hafa sent stúlkunni 286 sms-símaskilaboð á tímabilinu 15. júlí til 4. ágúst 2011. Stúlkan hafi á móti sent ákærða um 380 skilaboð. Í flestum tilvikum hafi stúlkan verið að inna ákærða eftir því hvort hann vildi hitta hana. Þá hafi hún sent honum sms-símaskilaboð í hvert sinn sem hún hafi séð hann í bænum. Hún hafi því haft frumkvæðið í þessum sms-skilaboðum og ákærði svarað henni. Skilaboðin hafi gengið á milli þeirra á ýmsum tímum sólarhrings.

Ákærði kvað starf sitt fyrir Rauða kross Íslands vera ungliðastarf. Hafi hann ekki hitt brotþola í því starfi sínu. Ákærði kvaðst hafa bætt brotþola við á fésbókina sína sem vini. Það hafi margir aðrir gert á svipuðum tíma. Ekki hafi mikil samskipti verið við stúlkuna á síðunni. Í þeim samskiptum hafi hún oft sagt ákærða að hún vildi hitta hann. Hafi hún sagt að hún væri 16 ára. Ákærði kvað sér síðar hafa orðið ljóst að stúlkan væri einungis 13 ára að aldri. Það hafi komið fram í upplýsingum um stúlkuna á fésbókarsíðu hennar. Ákærði kvaðst hafa vitneskju um að brotþoli hafi sent fjórum karlmönnum skilaboð á svipuðum tíma og hún hafi verið í samskiptum við ákærða, þar sem hún hafi lýst því að hún vildi hitta þessa menn þar sem henni litist vel á þá. Ákærði kvað lýsingar brotþola á samskiptum við ákærða um kynferðisleg samskipti vera úr lausu lofti gripnar. Enginn fótur væri fyrir þeim. Ákærði kvaðst ekki hafa verið í samskiptum við brotþola í ... og hafi hann ekki átt að leiðbeina henni í starfi sínu. Hafi brotþoli ekki verið við nám í Ákærði kvað sér hafa verið vikið úr starfi sem ... er mál það sem hér sé til meðferðar hafi komið upp.

Brotþoli kvaðst fyrst hafa hitt ákærða á skemmtun á ... þar sem ákærði hafi leikið trúð. Ákærði hafi verið að lita framan í andlit barna og ritað nafn sitt á hönd brotþola. Hafi hann spurt hvort brotþoli væri til í að bæta sér við á fésbók brotþola. Brotþoli kvaðst hafa bætt ákærða við á síðuna og í framhaldi af því hafi þau farið að ræða saman. Á síðunni hafi ákærði spurt brotþola hve gömul hún

væri. Hafi brotáþoli svarað því til að hún væri 13 ára. Hafi hann spurt brotáþola hvort hún væri til í að hitta sig. Hafi brotáþoli ákveðið að hitta ákærða og þau hist á ... á Þar hafi ákærði tekið af henni myndir. Einnig hafi ákærði kysst hana tungukossum. Hafi þau legið saman í grasi við sandinn. Þar hafi ákærði strokið brotáþola um kynfæri utan klæða. Einnig hafi hann snert brjóst hennar utan klæða og innan. Ákærði hafi spurt brotáþola að því hvort hún væri til í að koma heim til ákærða, en hann hafi beðið brotáþola um að hafa við sig samræði. Það hafi hún ekki verið til í. Hafi þau hist nokkrum sinnum á ... sumarið 2011. Hafi tilvikin ekki verið fleiri en 8 í allt. Brotáþoli kvaðst hafa fengið peysu ákærða að láni í eitt skipti á Ákærði hafi síðla sumars farið til Er hann hafi komið til baka hafi hann ekki viljað ræða við brotáþola. Hafi brotáþoli spurt hann hvernig hún gæti skilað peysunni. Hafi niðurstaðan orðið sú að brotáþoli hafi látið vin ákærða, N..., fá peysuna í skólanum. Síðar um sumarið hafi stúlka, sem brotáþoli hafi ekki þekkt, sent brotáþola skilaboð í gegnum fésbókina og spurt hvort brotáþoli þekkti ákærða. Stúlkan hafi sagt hvað komið hefði fyrir á milli hennar og ákærða. Hafi brotáþoli sömuleiðis sagt stúlkunni frá því sem átt hafi sér stað á milli hennar og ákærða þetta sumar. Brotáþoli kvaðst eiga heima í nágrenni húsnæðis Rauða krossins á Síðla kvölds, eftir að málið kom upp, hafi brotáþoli verið á heimleið er hún hafi séð ákærða og vini hans. Hafi brotáþoli ákveðið að fara yfir götuna og ganga hinum megin til að þurfa ekki að hitta ákærða og vini hans.

P... kvaðst vera vinkona brotáþola. Brotáþoli hafi greint P... frá því í ágúst 2011 að hún hafi kynnst 25 ára manni. Hafi brotáþoli sagt að þau gerðu alls konar hluti saman. Hafi hún leyft mannum að snerta brjóst sín og kynfæri utan klæða. Er hann hafi reynt að strjúka kynfæri hennar innanklæða hafi hún ávallt stöðvað hann. Einnig hafi hann reynt að fá brotáþola til að hafa við sig samræði.

F..., móðir brotáþola, kvaðst fyrst hafa frétt af hugsanlegum brotum ákærða gegn dóttur hennar um mánaðamótin september október 2011. Hafi hún spurt dóttur sína um hvað hafi gerst og dóttirin sagt að hún hafi einungis kysst ákærða. Sumarið 2011 hafi dóttir hennar farið út að nóttu til um tvisvar til þrisvar sinnum í viku. Hafi hún sagt að hún væri að fara til vinkvenna sinna. Hafi F... ekki grunað að neitt sérstakt væri í gangi. Dóttir hennar hafi átt marga vini á fésbókinni og verið í miklum samskiptum við þá. Síma hafi dóttir hennar minna notað. Dóttirin hafi opnað sig hægt gagnvart því sem átt hafi sér stað. Hún hafi greint frá því að ákærði hafi kysst hana og snert hana en ekki gengið lengra. Dóttir hennar hafi sótt tíma hjá sálfræðingi í kjölfar þessara atburða og liði henni almennt betur nú en áður. Þætti dótturinni verst þegar hún hitti ákærða á götu úti á Dóttirin hafi verið skráð sem sjálfboðaliði hjá Rauða krossinum á ... fyrir þennan atburð. Eftir að málið kom upp hafi hún hætt að mæta þar.

G..., faðir brotáþola, kvaðst hafa frétt af málinu í gegnum eiginkonu sína. Eftir að málið kom upp hafi dóttir hans verið taugaspenntari en áður. Ekki hafi hann haft vitneskju um að dóttir hans hafi verið að hitta ákærða. Hafi hann staðið í þeirri trú að stúlkan væri að hitta einhvern dreng en er hann hafi fært í tal við hana að hún myndi bjóða drengnum heim hafi dóttirin alltaf færst undan. Það hafi honum þótt skrítið.

Fyrir dóminn komu R..., S... og T.... Báru þeir allir á svipaðan veg um að þeir væru vinir ákærða. Hafi þeir haft vitneskju um að ákærði og brotáþoli væru vinir á fésbókinni og að hún hafi sent honum skilaboð í gegnum síðuna. Er þeir

félagar hafi hist hafi komið í ljós að brotþoli hafi sent þeim öllum samsvarandi skilaboð í gegnum fésbókina sumarið 2011. Hafi hún tjáð þeim öllum að hún elskaði þá.

N... bar að dag einn, er hann hafi verið að störfum í ..., hafi hann tekið eftir því að stúlka hafi elt hann um skólann. Hafi honum fundist þetta skrytið og spurt kennara í skólanum hvað væri í gangi. Stundum hafi stúlkan gengið rétt fram hjá honum og þá talað við sjálfa sig á Ungur drengur og stúlka hafi verið með henni. Á einhverjum tímapunkti hafi litli strákurinn gengið að honum og sparkað í hann. Hafi drengurinn viðhaft ljótt orðbragð. Í framhaldi hafi brotþoli og stúlkan komið til N... og sagt að ákærði ætti jakka er þær hafi verið með í fórum sínum. Sú stúlka, er hafi verið með brotþola í för, hafi haft orð fyrir þeim. Hafi stúlkurnar verið hlæjandi er þær hafi gengið á brott. Einhver í skólanum hafi sagt að funda þyrfti strax um málið. Það hafi verið gert í framhaldinu og N... þá frétt um hvað málið snérist.

Margrét K. Magnúsdóttir sálfræðingur kvaðst hafa tekið skýrslur af báðum brotþolum í málinu í Barnahúsi. Að beiðni barnaverndaryfirvalda á ... hafi hún tekið könnunarviðtal við brotþola. Þar hafi komið fram að B... hafi sett sig í samband við brotþola á fésbókinni. Í kjölfar þessa könnunarviðtals hafi málið fengið framgang með frekari rannsókn og viðtali.

Ingibjörg Gunnarsdóttir, yfirfélagsráðgjafi hjá barnaverndarnefnd ..., bar að móðir B... hafi haft samband vegna grunsemda um að eitthvað hafi komið fyrir í samskiptum stúlkunnar og ákærða. B... hafi fregnað í skólanum að önnur stúlka hafi einnig verið í samskiptum við ákærða. Þessi atriði hafi leitt til þess að könnunarviðtal hafi verið tekið í Barnahúsi. Það viðtal hafi leitt til þess að fram hafi farið skýrslutaka í Barnahúsi sem hluti af rannsókn sakamáls. Ingibjörg kvaðst hafa haft upplýsingar um að brotþoli hafi starfað fyrir Rauða krossinn á ... áður en málið hafi komið upp. Sökum þess hafi hún ekki treyst sér til að starfa þar lengur.

Þorbjörg Sveinsdóttir, sálfræðingur í Barnahúsi, kvaðst hafa tekið 16 viðtöl við brotþola. Stúlkunni liði ágætlega og bæri hún sig vel. Brotþoli væri ekki að glíma við þunglyndi eða kvíða. Hún væri samt að glíma við mikla skömm og sektarkennd. Það sem truflaði bata hennar væri að stúlkan væri öðru hvoru að rekast á ákærða á ... en við það kæmist hún í uppnám. Þyrfti hún í kjölfarið að ræða við einhvern um líðan sína. Þætti henni mjög óþægilegt að rekast á ákærða. Þá væri vanlíðanin oft sterkari á kvöldin þegar um hægðist. Hefði það þau áhrif að stúlkan væri alltaf á ferðinni til að sitja ekki auðum höndum. Þyrfti hún alltaf að hafa eitthvað fyrir stafni. Skólastjórnendur á ... hafi haft áhyggjur af því að stúlkan sækti um of í óæskilegan félagsskap.

Jónas Hallgrímur Ottósson lögregluvarðstjóri og Steinarr Kr. Ómarsson lögreglufulltrúi staðfestu þátt sinn í rannsókn málsins. Jónas kvað rannsókn lögreglu í upphafi hafa bent til þess að ákærði hafi sent brotþola mikið af sms-skilaboðum án þess að brotþoli svaraði. Rannsókn málsins hafi síðar leitt í ljós mjög mörg skilaboð frá brotþola til ákærða.

Niðurstaða:

Ákærða er í II. kafla ákæru gefið að sök kynferðisbrot gegn brotþola með því að hafa í allt að átta aðgreind skipti á tímabilinu 17. júní til 16. ágúst 2011, á ... á ..., áreitt brotþola kynferðislega með því að kyssa hana tungukossi á munninn, strjúka henni með hendi á brjóstum innan og utan klæða, strjúka henni með hendi á kynfærum utan klæða og biðja hana um að hafa við sig samræði eða önnur kynferðismök. Ákærði neitar sök samkvæmt II. kafla ákæru. Hefur hann viðurkennt að hafa sent brotþola 286 sms-skeyti þetta sumar og að brotþoli hafi sent ákærða 380 skeyti. Hefur hann jafnframt viðurkennt að hafa bætt brotþola á fésbókarsíðu sína og hafa verið í samskiptum við hana á síðunni. Loks hefur ákærði viðurkennt að hafa hitt brotþola í tvö skipti á ... og að hafa lánað henni þar jakka. Hafi hann ekki að neinu leyti áreitt stúlkuna kynferðislega. Ekki hafi hann heldur kysst hana.

Framburður ákærða er ótrúverðugur um tiltekin atriði málsins. Þannig miðar hann við að hafa einungis verið í litlu sambandi við brotþola þetta sumar. Það fær ekki staðist miðað við þann fjölda sms-skilaboða er farið hefur á milli þeirra á stuttum tíma þetta sumar. Þá þykir sá framburður ákærða afar ósennilegur að samskiptin hafi að mestu varðað skil á jakka er ákærði hafi lánað brotþola. Í ljósi tíðra samskipta ákærða og brotþola þykir einnig einkar ósennilegur sá framburður ákærða að hann hafi fyrir tilviljun hitt brotþola á ... þetta sumar. Fyrir utan símasamskipti hefur ákærði viðurkennt að hafa sett brotþola inn á fésbókarsíðu sína. Öll þessi samskipti ákærða, sem þá var 25 ára að aldri, við 13 ára stúlkunni voru óeðlileg í ljósi aldursmunar og stöðu þeirra beggja.

Framburður brotþola hefur hins vegar verið stöðugur og trúverðugur að mati dómsins. Þannig hefur fullt innra samræmi verið í framburði brotþola um öll meginatriði málsins, bæði í könnunarviðtali í Barnahúsi, skýrslu hennar á sama stað og varðandi þau atriði er hún greindi vinkonu sinni P... frá. Styðst hann að auki við tiltekin rannsóknargögn málsins, svo sem fjölda sms-skeyta frá ákærða, en það styður þann framburð brotþola að ákærði hafi ítrekað verið í sms-sambandi við hana þar sem hann hafi leitað eftir að fá að hitta brotþola. Þegar öll framangreind atriði eru virt leggur dómurinn trúverðugan framburð brotþola til grundvallar niðurstöðu og telur hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi framið þau brot er í ákæru greinir. Verður hann því sakfelldur samkvæmt II. kafla ákæru.

Ákærði er fæddur í apríl 1986. Hefur hann ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi svo kunnugt sé. Brot ákærða voru alvarleg og beindust gegn mikilsverðum hagsmunum. Voru brotþolar ungir að árum og á viðkvæmum aldri í kynþroska er brotin voru framin. Nýtti ákærði sér yfirburðastöðu sína gagnvart þeim. Með hliðsjón af öllu þessu, sbr. og 1., 6. og 7. tl. 1. mgr. 70. gr. laga nr. 19/1940, er refsing ákærða ákveðin fangelsi í tvö ár.

Réttargæslumaður hefur f.h. D..., vegna ólögráða dóttur hennar, krafist skaðabóta úr hendi ákærða. Er krafist miskabóta að fjárhæð 2.000.000 króna, auk vaxta. Er vísað til þess að brotþoli hafi orðið fyrir ítrekuðu og alvarlegu kynferðisofbeldi á heimili ákærða. Hafi verknaðurinn leitt til verulegs tjóns fyrir brotþola. Um lagarök er vísað til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Með vísan til niðurstöðu um sakfellingu fyrir kynferðisbrot er það niðurstaða dómsins að framferði ákærða í greint sinn hafi valdið brotþola miska. Á hún rétt á skaðabótum vegna háttsemi hans á grundvelli 26. gr. laga nr. 50/1993. Í ljósi atvika málsins og dómvenju á réttarsviðinu eru bætur þessar hæfilega ákveðnar 1.000.000 króna.

Fjárhæð dæmdra skaðabóta ber vexti eins og í dómsorði greinir.

Þá hefur réttargæslumaður f.h. F... og G..., vegna ólögráða dóttur þeirra, krafist skaðabóta úr hendi ákærða. Er krafist miskabóta að fjárhæð 2.000.000 króna, auk vaxta. Er vísað til þess að brotþoli hafi orðið fyrir ítrekuðu kynferðisofbeldi af hálfu ákærða. Hafi verknadurinn leitt til verulegs tjóns fyrir brotþola. Um lagarök er vísað til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Með vísan til niðurstöðu um sakfellingu fyrir kynferðisbrot er það niðurstaða dómsins að framferði ákærða í greint sinn hafi valdið brotþola miska. Á hún rétt á skaðabótum vegna háttsemi hans á grundvelli 26. gr. laga nr. 50/1993. Í ljósi atvika málsins og dómvenju á réttarsviðinu eru bætur þessar hæfilega ákveðnar 800.000 krónur. Fjárhæð dæmdra skaðabóta ber vexti eins og í dómsorði greinir.

Ákærði greiði tildæmd málsvarnarlaun og þóknun réttargæslumanns brotþola, hvorutveggja að viðbættum virðisaukaskatti, svo sem í dómsorði greinir. Þá greiði ákærði sem sakarkostnað 15.540 krónur sem er útlagður kostnaður vegna vitna við fyrri meðferð málsins.

Kostnaður vegna varnar ákærða í þessum þætti málsins og þóknun réttargæslumanns brotþola hvorutveggja að viðbættum virðisaukaskatti greiðist úr ríkissjóði svo og sakarkostnaður vegna vitna við meðferð málsins nú og vottorðs Dagbjartar Sigurðardóttur geðlæknis greiðist úr ríkissjóði.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir aðstoðarsaksóknari.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X..., sæti fangelsi í tvö ár.

Ákærði greiði D..., vegna B..., 1.000.000 króna í skaðabætur, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 3. júlí 2011 til 29. febrúar 2012, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði F... og G..., vegna A..., 800.000 krónur í skaðabætur, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 16. ágúst 2011 til 29. febrúar 2012, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gríms Sigurðarsonar héraðsdómslögmanns, 313.750 krónur og þóknun til réttargæslumanns beggja brotþola, Helgu Leifsdóttur, héraðsdómslögmanns, 251.000 krónur. Þá greiði ákærði 15.540 krónur í sakarkostnað til ríkissjóðs.

Málsvarnarlaun Sigríðar Rutar Júlíusdóttur hæstaréttarlögmanns 376.500 krónur, og þóknun til réttargæslumanns beggja brotþola, Helgu Leifsdóttur héraðsdómslögmanns, 218.250 krónur greiðist úr ríkissjóði og annar sakarkostnaður að fjárhæð 69.315 krónur greiðist úr ríkissjóði.

Allan V. Magnússon

Hjörtur O. Aðalsteinsson

Símon Sigvaldason